

**Öflun og varsla borgagna. Uppgjör fyrir árið
2000**

Ásgrímur Guðmundsson

Greinargerð ÁsG-2001-01

Öflun og varsla borgagna Uppgjör fyrir árið 2000

Í lok árs 1999 voru lögð fram drög af rammisamning milli rannsóknarsviðs (ROS) og orkumálasviðs (OMS) um söfnun og varðveislu begsýna úr borholum. Orkumálastjóri mælti fyrir um að farið yrði eftir þessum samningsdrögum þar til samningur yrði undirritaður.

Í samningnum var farið yfir alla helstu þætti er snerta gagnagrunn bergsýnasafnsins. Í fyrstu var farið yfir bakgrunn, tilgang og fyrirsjáanlegt skipulag. Síðan var gerð áætlun sem tók mið af þeirri vinnu er lögð hafði verið í safnið á undanförunum áratugum. Þar segir orðrétt um kostnað og fjármögnun: “Orkumálasvið mun verja 8 m.kr. árið 2000 og 6 m.kr. árið 2001 til kaupa af ROS vinnu við uppbyggingu safnsins og meðhöndlun og frágang sýna. Inn í þeirri fjárhæð er allur kostnaður við uppsetningu safnsins, húsaleiga og flutningur safnsins í varanlegt geymsluhúsnæði ásamt nauðsynlegum innréttingum þar. Það innifelur allan geymslukostnað við núverandi safn, viðbætur í svarfi sem safnast á samningstímanum en ekki viðbætur við kjarnasafnið. Miðað er við að svarfmagnið sem inn kemur sé svipað og borist hefur að meðaltali undanfarin 5 ár. Komi til viðbótar við kjarnasafnið skal sérstaklega samið um gjald fyrir þær. Jafnframt mun ROS leggja til vinnu við uppbyggingu safnsins í samræmi við það sem tekst að fá fjármuni til annars staðar frá. Greiðslur OMS vegna reksturs safnsins eftir 2001 verða ákveðnar við endurskoðun samningsins á því ári. Þar verður tekið tillit til þeirra fjárhagsskuldbindinga sem felast í langtímasamningum ROS um leigu húsnæðis fyrir safnið.”

Megin markmið ársins voru að koma safninu í ”varanlegt” húsnæði.

Ljóst var að gamla húsnæði OS (rannsóknarstofan og skemman) í Keldnaholti mundi verða rífið snemma árs. Orkuveita Reykjavíkur bauð ROS húsnæði í Mosfellsdal, þar sem Almannavarnir Reykjavíkur höfðu áður haft birgðastöð. Þangað var allt svarfið flutt, sem geymt hafði verið í Keldnaholti og til viðbótar það sem safnast hafði í kjallara OS á Grensásvegi. Flutningi á svarfi var lokið í febrúar. Innréttingu í Mosfellsdal er ekki endanlega lokið en það verður gert í samráði við starfsmenn Orkuveitunnar.

Kjarnasafnið var flutt í leiguhúsnæði á Akureyri, sem er í eigu Sjafnar. Flutningur hófst í apríl, þegar leigusamningur var frágenginn milli eiganda og Náttúrufræðistofnunar, en ROS gerði síðan samkomulag við Náttúrufræðistofnun um samvinnu um notkun húsnæðisins. Flutningi lauk seinni hluta sama mánuðar. Hér á eftir eru tvær myndir frá núverandi kjarnageymslu.



Mynd 1. Kjarnageymsla á Akureyri



Mynd 2. Kjarnageymsla á Akureyri


Allur kjarninn var skráður niður áður en hann fór norður en eftir á að merkja hann í samræmi við hugmyndir um aðgengi í Oracle gagnagrunni OS.

Mikið flokkunarstarf á svarfi var unnið í lok ársins með það í huga að öllu svarfi sem borist hafði til OS á undanförunum árum og áratugum væri komið í varanlegar geymslupakkningar. Þar var um að ræða mikinn haug, sem lítil prýði var af á neðstu hæð stigagangs á Grensásvegi. Sú vinna var ekki möguleg fyrr en húsnæði, sem svarfvinnsla ROS kemur til að vera í, var komið í það horf að það væri bjóðandi fyrir starfsfólk.


Áætlað var að hefja skráningu á gagnasafninu í Oracle á árinu en aðstæður og tímaskortur aftraði því. Verður það því forgangi innan verkefnisins árið 2001.

Gert var ráð fyrir að vinna fyrir 8 m kr. á árinu, en niðurstöðutölur voru rúmar 10 m kr. Sundurliðun á kostnaði er sýndur á myndum 3 og 4. Kostnaður og umsýsla með svarfið var ívið of lágt m.a. vegna vanmats við undibúningsvinnu. Launakostnaður jafnframt hærri en reiknað var með.

**Öflun og varsla borgagna
Laun og launatengd gjöld samtals kr. 6.896.076.-**



Mynd 3. Sundurliður á launakostnaði



Mynd 4. *Sundurliðun á útlögðum kostnaði.*